

## 173 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 25 janúar kl.10.00 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Elín Gunnarsdóttir, Guðný Elíasdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jakob B. Jakobsson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Ragnar Sæmundsson og Eyjólfur I. Bjarnason sátu fundinn á Teams. Þá mætti Garðar Svansson í forföllum Jósefs Kjartanssonar. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10.00

### 1. Fundargerð 172 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 172 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina. Stjórn staðfesti fundargerðina

### 2. Stuðningur umhverfisráðuneytisins við verkefni á Vesturlandi

Lagður fram samningur við umhverfisráðuneytið um stuðning ráðuneytisins við verkefnið Flokkun í anda hringrásarhagkerfisins. Einnig lagður fram samningur við Umhverfisráðgjöf Íslands um ráðgjöf í þessu verkefni. Stjórn staðfesti samningana.

### 3. Staða slökkviliða á Vesturlandi

Lögð fram drög að erindisbréfi með tillögu að skipan vinnuhóps sem mun taka til skoðunar möguleika á auknu samstarf slökkviliða á Vesturlandi. Stjórn samþykkti drögin með minniháttar breytingum. Samþykkt að leita eftir tilnefningum sveitarfélaganna að fulltrúum í vinnuhópinn. Stjórn skipar formann og var samþykkt að Ragnar Sæmundsson verði formaður hópsins.

### 4. Byggðaáætlun C1

Lagt fram minnisblað með stuttri kynningum á þeim fjórum umsóknum sem SSV sendi til Byggðastofnunar í verkefnið C1 undir byggðaáætlun, en landshlutasamtök getu sótt um styrki í þennan pott varðandi verkefni á svæðum sem búa við fólksfækkun og einhæft atvinnulíf.

### 5. Fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfólk af Vesturlandi

Lagt fram minnisblað vegna fyrirhugaðrar fræðsluferðar haustið 2023 fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu.

## 6. Samningur við Bygðastofnun um atvinnuráðgjöf

Framlagður samningur við Bygðastofnun um atvinnuráðgjöf til kynningar. Stjórn staðfesti samninginn.

## 7. Starfsmannamál

Lagt fram minnisblað um um ráðningu atvinnuráðgjafa hjá SSV. Einnig er lagt fram minnisblað um starf verkefnisstjóra á áfangastaða og markaðssviði SSV. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að auglýsa eftir atvinnuráðgjafa og verkefnisstjóra á áfangastaða- og markaðssvið SSV. Einnig var samþykkt að heimila framkvæmdastjóra að kaupa ráðgjöf hjá ráðningarstofu.

## 8. Sóknaráætlun Vesturlands

Rætt um áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2023. Umræðu um áhersluverkefni verður haldið áfram á fundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vesturlands.

## 9. Húsnæðismál

SSV hefur allt frá opnun Breiðar nýsköpunar- og þróunarseturs leigt skrifstofurými í setrinu. Nú býðst SSV að fá á leigu annað rými sem er aðeins stærra og mun betur staðsett í húsinu. Við þá breytingu mun leigan hækka um 25.000.- á mánuði eða 300.000.- á ári. Stjórn samþykkti að taka á leigu nýtt skrifstofurými hjá Breið nýsköpunar- og þróunarsetri á Akranesi í stað þess sem SSV leigði áður.

## 10. Erindi frá N4

Framlagt erindi frá N4 þar sem óskað er eftir stuðningi við þáttagerðina „Að vestan“. Framkvæmdastjóra var falið að taka upp viðræður við N4 um aðkomu SSV að verkefninu.

## 11. Ályktun um starfsemi RÚV á Vesturlandi

Rætt var ráðningu í stöðu fréttamanns hjá RÚV á Vesturlandi. Stjórn samþykkti svohljóðandi bókun:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga Vesturlandi skorar á yfirstjórn Ríkisútvarpsins að auglýsa nú þegar eftir fréttamanni til starfa á Vesturlandi. Undanfarin ár hefur fréttamaður RÚV verið staðsettur í Borgarnesi og flutt fréttir af Vesturlandi. Það hefur haft mjög jákvæð áhrif á umfjöllun um Vesturland að fréttamaður sé staðsettur á svæðinu og ljóst að það yrði mikil afturför og ólíðandi ef enginn fréttamaður væri staðsettur hér. RÚV er fréttamiðill allra landsmanna og mikilvægt að fréttamenn séu staðsettir sem víðast.

Jafnframt skorar Stjórn SSV á yfirstjórn RÚV að efla dagskrárgerð af landsbyggðinni bæði í útvarpi og sjónvarpi. Sömuleiðis að huga betur að því að viðmælendur og álitsgjafar sem fjalla um málefni er varða hagsmuni allra landsmanna komi víðar en bara af höfuðborgarsvæðinu. Stjórn SSV lítur á það sem mikilvægt byggðamál að birtar séu fréttir, og dagskrárefni, jafnt af öllu landinu og að raddir allra landshluta heyrist sem víðast. Það hlýtur að vera hlutverk Ríkisútvarpsins öðrum fremur. „

## 12. Búfé

Stjórn SSV ræddi ný birtan úrskurð dómsmálaráðuneytisins varðandi smölun ágangsbúfjár úr landi tiltekinnar jarðar. Í kjölfar umræðu samþykkti stjórn svohljóðandi bókun:

„Stjórn SSV lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem uppi er varðandi hverjum beri að smala og kosta smölun ágangsbúfjár í kjölfar úrskurðar dómsmálaráðuneytisins sem féll nýverið.

Í lang flestum tilvikum hafa landeigendur leyst vandamál vegna ágangsbúfjár með samvinnu sín á milli enda fylgja því ríkar skyldur að eiga bæði búfé og land, hvort sem landið er í

landbúnaðarnotkun eða nýtt til frístunda. Þessi úrskurður dómsmálaráðuneytisins getur haft í

för með sér að staða sauðfjárræktar verði sett í uppnám og því haft þung áhrif á byggðapróun á ákveðnum landsvæðum sem og fæðuöryggi þjóðarinnar.

Stjórn SSV skorar því á matvælaráðuneytið að hefja nú þegar endurskoðun á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. til að eyða þeirri óvissu sem er varðandi framkvæmd smölunar ágangsbúfjár“

## 13. Framlögð mál

- a. Fundargerðir frá landshlutasamtökum
- b. Fundargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Fundi slitið kl.11.55